

Stofnfundur Deildar Enskra Seta á Íslandi, DESÍ.

Einar Guðnason setur fundinn fyrir hönd bráðabirgðastjórnar og stingur uppá Ólafi Ragnarsyni sem fundarstjóra. Samþykkt. Fundurinn er einnig sendur út í gegnum Skype í húsnæði Libru við Skipagötu á Akyreyri, þar er Hrafn Jóhannesson fundarstjóri. Þórgunnur E. Pétursdóttir er ritari fundar. Ólafur hefur kannað lögmæti fundarins og les dagskrá sem er að þessu sinni 2 liðir: 1) kosning stjórnar og 2) önnur mál.

- 1) Fimm sæti eru laus í stjórn og 5 framboð. Til tveggja ára bjóða sig fram: Kristinn Einarsson, Hrafn Jóhannesson og Þórgunnur E. Pétursdóttir. Til eins árs bjóða sig fram: Einar Guðnason og Ólafur Ragnarsson.
- 2) Önnur mál: Ólafur Ragnarsson les hvatningarbréf til nýrrar stjórnar og deildarmeðlima DESÍ frá Vilhjálmi Ólafssyni sem er fjarverandi. Rætt um fyrirkomulag tilvonandi veiðiprófa á vegum DESÍ. Stungið uppá því að koma á fót lögum og reglum fyrir deildina. Einnig rætt um heimasíðumál. Engar niðurstöður aðrar en að starfað verði eftir reglum ræktunardeilda HRFÍ og að stjórn komi saman, ræði og taki ákvarðanir um mál tengd veiðiprófum, heimasíðu oþh. Fundarstjóri þakkar fyrir fundinn og afhendir Kristni Einarssyni tvær ættbækur, þetta eru fyrstu ættbækurnar sem afhentar eru í nýrri deild Enskra Seta á Íslandi.

Fundi slitið.

F.h. stjórnar,

Þórgunnur E. Pétursdóttir.